

Fagráð í hrossarækt

76. fundur

Staður og stund: Bændahöllin v/Hagatorg, fimmtudagurinn 20. október 2016 kl. 13:00.

Mættir: Sveinn Steinarsson, Vignir Siggeirsson, Sveinn Ragnarsson, Guðný Helga Björnsdóttir og Þorvaldur Kristjánsson. Bjarni Páll Vilhjálmsson, Elvar Einarsson og Hulda Gústafsdóttir höfðu tilkynnt fjarveru.

Dagskrá:

1. Fundarsetning.
2. Ræktunarbú ársins 2016.
3. Skýrsluhald í hrossarækt.
4. Fundur í kynbótanefnd FEIF.
5. Ráðstefnan Hrossarækt 2016.
6. Ráðstefnan Íslensk hrossarækt í 100 ár.

Formaður Fagráðs setur fundinn.

2. Tilnefningar til ræktunarbús ársins 2016. Lagt var fram yfirlit yfir árangur hjá 71 ræktunarbúi á árinu sem öll stóðust lágmarksskilyrði til skoðunar varðandi ræktunarbú ársins. Ákveðið var að tilnefna að þessu sinni sextán bú. Í stafrófsröð eru þau:

Árbæjarhjáleiga II, Kristin Guðnason, Marjolijn Tiepen og fjölskylda
Berg, Anna Dóra Markúsardóttir og Jón Bjarni Þorvarðarson
Efsta-Sel, Daníel Jónsson og Hilmar Sæmundsson
Garðshorn á Þelamörk, Agnar Þór Magnússon og Birna Tryggvadóttir Thorlacius
Hamarsey, Hannes Sigurjónsson og Inga Cristina Campos
Hof á Höfðaströnd, Lilja Sigurlína Pálmadóttir
Hvolsvöllur, Ásmundur Þór Þórisson og Helga Friðgeirsdóttir
Ketilsstaðir/Syðri-Gegnishólar, Bergur Jónsson og Olil Amble
Kirkjubær, Ágúst Sigurðsson, Unnur Óskardsóttir og fjölskylda
Kjarnholt I, Guðný Höskuldsdóttir og Magnús Einarsson
Koltursey, Elías Þórhallsson, Pétur Jónsson og fjölskyldur
Prestsbær, Inga Jenssen og Ingar Jenssen
Rauðalækur, Eva Dyröy og Guðmundur Friðrik Björgvinsson
Skipaskagi, Jón Árnason og Sigurveig Stefánsdóttir
Torfunes, Baldvin Kr. Baldvinsson
Þúfur, Gísli Gíslason og Mette Mannseth

Sigurvegarnir árið 2016 voru valin Olil Amble og Bergur Jónsson en þau kenna hross sín við Ketilsstaði og Syðri-Gegnishóla.

Ákveðið var að breyta reiknireglu þeirri sem notuð er við valið. Búum hefur verið raðað upp eftir meðalaldri sýndra hrossa, meðaleinkunn þeirra og fjölda. Nú var ákveðið að leiðrétta einkunnir eftir aldri og kyni líkt og gert er við kynbótamatsútreikninga og taka á þann hátt tillit til mismunandi aldurs. Þetta gerir allar einkunnir samanburðarhæfar áður en búunum er svo raðað upp eftir leiðréttum einkunnum og fjölda sýndra hrossa. Reglurnar um val á ræktunarbúi ársins voru ræddar áfram og næstu skref eru að til dæmis að skýra betur hvernig unnið er með skráningu á uppruna, upprunanúmeri og ræktenda við valið; hvernig og hvort eigi að breyta því hvernig árangur klárhrossa er metinn og hvernig afkvæmahross hafa áhrif á röðun búa. Ákveðið var að halda áfram með endurskoðun reglna á næsta fundi fagráðs.

3. Þorvaldur kynnti breytingar á skýrsluhaldi í hrossarækt sem eru í vinnslu. Ein helsta breytingin er sú að nú verða tekin upp árleg skil á skýrsluhaldi í hrossarækt sem allir hesteigendur eiga að framkvæma. Þessi skil munu fara fram í gegnum Heimaréttina í WorldFeng en uppsetningu heimaréttar verður breytt til að auðvelda þessi skil og gera mögulegar frekari skráningar. Þetta er fyrst og fremst gert til þess að WF gefi á hverjum tíma sem raunsannasta mynd af stofninum, t.d. fjölda hrossa á líffi, eignarhaldi, geldingum og fl. Hvað varðar auknar eða frekari skráningar þá er átt við fyljanaskráningu sem hryssueigendur eiga nú að framkvæma árlega en það mun vonandi færa okkur verðmætar upplýsingar um frjósemi stofnsins. Nú eru einu upplýsingarnar sem við höfum um frjósemi á formi fyljunarvottorða og stóðhestaskýrslna en þær gefa okkur ekki fullnægjandi yfirlit yfir frjósemi stofnsins, t.d. um fjölda hryssna sem haldið er árlega og árangur þess.

Til að ná viðunandi upplýsingum um frjósemi stofnsins á hverjum tíma verður hryssueigendum nú uppálagt að skrá niður árlega hvað þeir gerðu með sínar hryssur: var þeim haldið eða ekki og ef þeim var haldið, undir hvaða hest þær fóru og hver var árangur fyljunarinnar. Þetta verður hægt að gera endurtekið með hverja hryssu innan árs ef hún fór undir fleiri en einn hest og um að gera að skrá allt niður. Þetta verður gert í nýjum flipa í heimarétt sem mun heita *Fyljanaskráning*. Þar fá hryssueigendur heildarlista yfir sínar hryssur og fara í gegnum hvað var gert með hverja og eina. Með þessu fáum við yfirlit yfir fjölda hryssna sem er haldið árlega og árangur fyljana. Þessar upplýsingar verða í raun ekki opinberar fyrsta kastid en eru til þess að safna upplýsingum fyrir skýrsluhaldið og hryssueigendur.

Þau folöld sem fæðast svo á árinu eru skráð í flipanum *Fang- og folaldaskráning*. Þar fær notandinn lista yfir þær hryssur sem var haldið árið áður og skráir það sem við á: 1 folald, 2 folöld, Geld, Lét, Dauðfætt folald, Hryssan lést. Ef staðfesting frá stóðhestseiganda liggur fyrir (stóðhestaskýrsla eða fyljunarvottorð) verður herna einnig hægt að skrá folaldið, þ.e. grunnskrá það í WorldFeng.

Í flipanum *Fyljanaskráningar* mun einnig koma listi yfir þá stóðhesta sem eru í eigu viðkomandi þar sem fyllast inn sjálfkrafa fyljanaskráningar hryssueiganda (hvort sem hryssan fékk eða ekki). Þessar skráningar getur stóðhestseigandinn staðfest og sé það gert getur hryssueigandinn skráð folaldið að ári í sinni heimarétt (sem er núna bara hægt í heimarétt liggja fyrir stóðhestaskýrsla eða fyljunarvottorð). Einnig mun herna verða möguleiki fyrir stóðhestseigendur í framtíðinni að fylla út rafrænar stóðhestaskýrslur.

Önnur nýjung sem verður nú tekin upp er að safna upplýsingum um ástæður þess að hross er fellt eða slátrað en þær geta verið margs konar og snert ræktunarstarfið á ýmsan hátt. Þegar gert er grein fyrir afdrifum hvers hests og merkt við fellt eða slátrað, þá koma nú upp valmöguleikar þar sem hægt er að gera grein fyrir ástæðum förgunar, valmöguleikarnir eru:

- Aldur
- Kjötframleiðsla
- Slysfarir
- Veikindi
- Spatt
- Sköpulagsgalli
- Vöntun á hæfileikum
- Geðslagsbrestir
- Veit ekki
- Annað (gluggi þar sem hægt er að skrifa inn aðrar ástæður).

Þegar notendur eru búnir að fara í gegnum sín hross og skrá viðeigandi afdrif er að endingu farið í flipann *Skýrsluhaldsskil*. Þar fara hin eiginlegu skil á skýrsluhaldinu fram og verður miðað við að hver og einn skili sinni skýrslu fyrir ákveðin tíma ár hvert. Þar birtist yfirlit yfir hrossaeign viðkomandi (öll lifandi hross) og með því að skila skýrslunni er viðkomandi að staðfesta að allar upplýsingar í Heimarétt séu réttar. Til þess að geta skilað skýrslunni er nauðsynlegt að búið sé að gera grein fyrir fyljanaskráningu ársins og einnig ástæðum förgunar þeirra hrossa sem búið er að fella/slátra.

Í þessum flipa fá hesteigendur einnig lista yfir þau hross sem búið er að taka DNA-sýni úr en hafa ekki fengið staðfest ætterni. Þetta verður þeim til upplýsingar til að fylgja þeirra vinnslu eftir.

4. Þorvaldur fór í gegnum þær breytingar á lögum og reglum FEIF um ræktunarmál sem verða teknar fyrir á næsta fundi í ræktunarnefnd FEIF sem fer fram helgina 21. – 23. október og verða lagðar fram til samþykktar á aðalfundi FEIF sem fer fram í byrjun febrúar á næsta ári.

Í fyrsta lagi var farið í gegnum drög að nýrri reglu um nafngiftir hrossa en á síðasta ræktunarleiðtogafundi FEIF var ákveðið að ganga strangar eftir því að íslensk hross beri íslensk nöfn. Fagráð var sammála þessari ákvörðun og leist vel á eftirfarandi drög:

Nafngiftir íslenskra hrossa í WorldFeng.

Hesteigendur geta skráð nafn á hross sín í WorldFeng. Nafni er hægt að breyta áður en ekki eftir að hrossið hefur verið sýnt í kynbótadómi eða tekið þátt í keppni sem er skráð í WorldFeng. Nafni er ekki hægt að breyta eftir að hrossið hefur eignast skráð afkvæmi. Hesteigendur geta haft nafnabanka WorldFengs til viðmiðunar við nafngjöf, en sé það nafn sem þeir hafa í huga ekki í nafnabankanum geta þeir sótt um leyfi fyrir nafninu hjá skrásetjurum WorldFengs og nafn sem hlýtur samþykki er bætt í nafnabankann. Eftirtaldir reglur gilda um nöfn á hrossum sem skráð eru í WorldFeng:

- *Nafnið þarf að vera í samræmi við íslenskar reglur og hefðir um nafngiftir.*

- *Nafnið þarf að geta tekið íslenskri eignarfallsendingu eða hafa unnið sér hefð í íslensku máli.*
- *Nafnið má ekki brjóta í bága við íslenskt málkerfi.*
- *Nöfn þurfa að vera í karlkyni fyrir stóðhesta/geldinga og í kvenkyni fyrir hryssur, hvorugkyns orð er ekki leyfileg sem nöfn.*
- *Nöfn sem innihalda skammstafanir eru ekki leyfileg.*
- *Nöfn sem eru ruddaleg eða hafa klúra meiningu, nöfn sem þykja ekki smekkleg eða eru dónaleg gagnvart trúar-, eða þjóðfélagslegum hópum eru ekki leyfð.*

Einnig var farið yfir siðareglur sem gilda fyrir dómara og starfsmenn á Íslandi en þær ganga lengra en þær siðareglur sem eru í gildi á alþjóðlegum kynbótasýningum sem fara fram í öðrum löndum. Stefnan er að samræma siðareglur fyrir alþjóðlegar kynbótasýningar þannig að sömu reglurnar gildi í öllum löndum. Farið var yfir íslensku siðareglurnar en hugmyndin er að samræma hinar alþjóðlegu siðareglur að þeim eins og frekast er unnt.

Undir *Reglur um starfsmenn við kynbótadóma hrossa/Dómari víki úr dómnefnd ef...* er grein um að dómari víki úr dómnefnd ef hann hafi eða muni greiða viðkomandi knapa laun á yfirstandandi ári fyrir tamningar, þjálfun eða sýningar. Ákveðið var að taka út úr reglunum.. *eða muni...* og láta þetta einungis gilda um viðskipti sem hafi átt sér stað nú þegar á yfirstandandi ári.

Undir *Dómstörf* er grein um að símanotkun dómara sé óheimil. Ákveðið var taka út úr greininni ákvæði um símanotkun og að breyta þeirri grein á eftirfarandi veg: *Dómarar skulu sýna starfi sínu virðingu, vera einbeittir og allsgáðir við störf sín.*

Undir *Ábyrgð formanns dómnefndar* er grein um að formaðurinn skuli sjá til þess að dómstörf skuli ganga hratt og vel fyrir sig. Ákveðið var að taka út.. *og hratt...* þannig að greinin hljóði svona: *Hann skal sjá til þess að dómstörf gangi vel fyrir sig og að niðurstaða fáist.*

Einnig var farið yfir samæmingu á menntunarkröfum fyrir nýja alþjóðlega kynbótadómara. Lagðar verða fram breytingar á reglum um alþjóðlega kynbótadómara á aðalfundi FEIF sem fer fram í febrúar á næsta ári. Þar verður lagt til að nýjir kynbótadómarar verði að hafa Bsc. gráðu í búvísindum, hestafræðum eða dýralækningum. Einnig að þeir verði að hafa þekkingu m.a. á erfða- og kynbótafræði, tölfraði, líkamsbyggingu hrossa, hreyfingarfræði hrossa og gangtegunum. Einnig er gerð krafa um ákveðna þekkingu og hæfni í reiðmennsku sem ætlunin er að prófa sérstaklega með útfærðu reiðprófi sem verður nýjung í prófinu.

5. Þá var farið yfir drög að dagskrá ráðstefnunnar Hrossaræktin 2016. Hún fer fram í Samskipahöllinni í Spretti laugardaginn 5. Nóvember. Dagskráin lítur svona út:

13:00 Setning – Sveinn Steinarsson formaður fagráðs og FHB

13:10 Hrossaræktarárið 2016 – Þorvaldur Kristjánsson

13:30 Heiðursverðlaunahryssur fyrir afkvæmi 2016

13:50 Verðlaunaveitingar:

-Verðlaun, hæsta aðaleinkunn ársins (aldursleiðrétt)

-Verðlaun, knapi með hæstu hæfileikaeinkunn ársins (án áverka)

-Verðlaun, hæsta litförotta hryssa ársins í kynbótadómi

14:10 Guðrún Stefánsdóttir – Hvaða líkamlega álag erum við að bjóða íslenska hestinum?

14:40 Kaffihlé

14:55 Heiðrún Sigurðardóttir – Mat á vilja og geðslagi íslenska hestsins

15:25 Umræður

15:40 Viðurkenningar fyrir tilnefnd ræktunarbú ársins 2016

Fundarslit um 16:00

Allir velkomnir!

Það voru níu hryssur sem hlutu heiðursverðlaun fyrir afkvæmi í ár. Þær eru (í sætisröðun):

- Röst frá Torfunesi – 120 stig
- Leista frá Lynghóli – 119 stig
- Gletta frá Ytra-Vallholti – 118 stig
- Elka frá Efri-Hrepp – 116 stig
- Hrund frá Torfunesi – 116 stig
- Gusta frá Litla-Kambi – 116 stig
- Gnótt frá Dallandi – 116 stig
- Blika frá Nýjabæ – 116 stig
- Bylgja frá Torfunesi – 116 stig

6. Þá var farið yfir drög að ráðstefnu sem verður haldin laugardaginn 3. desember í Samskipahöllinni í Spretti. Hún ber nafnið *Íslensk hrossarækt í 100 ár*. Í ár eru tímamót í íslenskri hrossarækt í ýmsum skilningi. Það eru 110 ár frá því að fyrsta kynbótasýningin var haldin, 100 ár frá fæðingu Sörla 71 frá Svaðastöðum sem er einn helsti ættfaðir íslenska hestsins í dag, 30 ár frá upptöku BLUP-kerfisins, 25 ára afmæli nútíma skýrsluhalds og í ár er 100 ára afmælisár Gunnars Bjarnasonar fyrrv. hrossaræktarráðunautar, brautryðjanda sýningarhalds og markaðssetningar á íslenska hestinum. Það er því hugmyndin að líta yfir farinn veg þennan dag og skoða hvernig til hefur tekist; fara yfir sögu og þróun hrossaræktarinnar, rannsóknir á íslenska hestinum og stöðu þekkingar. Þá er einnig hugmyndin að nýta tækifærið og virkja fundarfólk til þátttöku í stefnumótun fyrir íslenska hestinn og hafa áhrif á mótun ræktunarmarkmiðsins og matsaðferða á hrossum í kynbótadómi. Marka stefnu til næstu ára, sjá fyrir sér hlutverk hestsins og notendur hans í framtíðinni og hvernig hestahaldið kemur til með að þróast. Því er um að ræða vinnufund hrossaræktarinnar. Dagskráin lítur svona út:

Ráðstefnustjóri: Ágúst Sigurðsson

10:00 – 10:20 *Saga íslenskrar hrossaræktar og notkunar hestsins í 100 ár – Kristinn Hugason*

10:30 – 10:50 *Rannsóknir í þágu hestsins – Sveinn Ragnarsson*

11:00 – 11:20 *Þróun kynbóta og næstu skref í þekkingaröflun – Þorvaldur Árnason*

11:30 – 11:50 *Þróun notkunar hestsins og keppnisgreina – Anton Páll Nielsson*

12:00 *Matarhlé*

13:00 – 13:20 *Velferð, ending og frjósemi hestsins – Sigríður Björnsdóttir*

13:30 – 13:50 *Hrossaræktin og markaðurinn – Olil Amble*

14:00 – 14:20 *Þróun ræktunarmarkmiðsins – Þorvaldur Kristjánsson*

14:20 – 16:00 *Stefnumótun - Hópavinna*

Kaffihlé – 20 mínútur

16:20 - 16:50 Samantekt – Hópstjórar kynna afrakstur hópavinnunnar
16:50 – 17:00 Lokasamantekt og ráðstefnuslit

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið klukkan 16:00

Við þennann: Þorvaldur Kristjánsson